

Fylgiskjal 8.**Birting og útgáfa efnis Landmælinga Íslands á vefnum.**

Upprunaleg stærð korts og mynda sem á að gefa út	A6 og minna 155 cm ²	A5 og minna 310 cm ²	A4 og minna 625 cm ²	A3 og minna 1250 cm ²	A2 og minna 2500 cm ²	A1 og minna 5000 cm ²	A0 og minna 10000 cm ²
	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.	Árgjald kr.
Flokkur 1	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800	25.000	38.000
Flokkur 2	1.250	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800	25.000
Flokkur 3	-	1.250	2.500	5.000	7.500	11.250	16.800

Birting á vefnum telst vera ein mynd eða kort sem hluti af heimasíðu viðskiptavinar. Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Nr. 861

16. desember 2002

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 830, 28. nóvember 2002,
um síldveiðar með vörpu.**

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr málslíður sem orðist svo: Ennfremur eru allar síldveiðar með vörpu bannaðar á svæðum þar sem togveiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar með reglugerðum, skyndilokunum eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 18. desember 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. desember 2002.

Árni M. Mathiesen.

Pórður Eyþórsson.

Nr. 862

17. desember 2002

AUGLÝSING**um bann við innflutningi frá Bandaríkjunum vegna Newcastle-veiki.**

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá bandarískum dýrasjúkdóma- yfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 776/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bandaríkjunum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 20. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er framlengt bann landbúnaðarráðuneytisins sem sett var með auglýsingu nr. 777/2002, við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Danmörku.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Innflutningsbannið var tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsinga-skipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 20. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.